

REGLUGERÐ

um einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla með tilliti til aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið og tilgangur.

Reglugerðin gildir um tilkynningarskylda aðila samkvæmt 2. gr. laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Um skilgreiningar hugtaka vísast til 3. gr. laga nr. 140/2018.

Tilgangur reglugerðarinnar er að tilgreina starfsheiti sem teljast til háttsettra opinberra starfa í samræmi við 6. tl. 3. gr. laga nr. 140/2018 og setja reglur um útgáfu lista yfir starfsheitin.

Tilgangur reglugerðarinnar er einnig að setja nánari reglur um ráðstafanir tilkynningarskyldra aðila vegna einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla.

II. KAFLI

Tilgreining starfsheita sem teljast til háttsettra opinberra starfa innanlands.

2. gr.

Forseti Íslands og ráðherrar.

Undir a-lið 6. tl. 3. gr. laga nr. 140/2018 falla embætti forseta Íslands og embætti ráðherra í ríkisstjórn Íslands.

3. gr.

Þingmenn.

Undir b-lið 6. tl. 3. gr. laga nr. 140/2018 falla alþingismenn.

Til alþingismanna teljast einnig varaþingmenn sem tekið hafa fast sæti á Alþingi.

4. gr.

Einstaklingar í stjórnnum stjórnmalaflokka.

Undir c-lið 6. tl. 3. gr. laga nr. 140/2018 falla einstaklingar í stjórnnum stjórnmalaflokka.

Til stjórnmalaflokka í þessum skilningi teljast þeir stjórnmalaflokkar sem eiga kjörna fulltrúa á Alþingi.

Til stjórna stjórnmalaflokka í þessum skilningi teljast æðstu stjórnir eða stjórnareiningar stjórnmalaflokks en ekki stjórnir eða stjórnareiningar sem starfa innan einstakra kjördæma eða landshluta.

5. gr.

Hæstaréttardómarar, Landsréttardómarar og dómarar við alþjóðadómstóla og sérdómstóla.

Undir d-lið 6. tl. 3. gr. laga nr. 140/2018 falla dómarar við Hæstarétt Íslands, Landsrétt og íslenskir dómarar við alþjóðadómstóla.

Undir ákvæðið falla einnig dómarar við sérdómstóla hérlandis, þar með talið Félagsdóm, Endurupptökudóm, og Landsdóm enda hafi Alþingi tekið ákvörðun um málshöfðun.

6. gr.

Hæstráðendur Seðlabanka Íslands og ríkisendurskoðandi.

Undir e-lið 6. tl. 3. gr. laga nr. 140/2018 falla seðlabankastjóri og varaseðlabankastjórar Seðlabanka Íslands og ríkisendurskoðandi.

7. gr.

Sendiherrar og staðgenglar sendiherra.

Undir f-lið 6. tl. 3. gr. laga nr. 140/2018 falla þeir sem eru skipaðir sendiherrar, þeir sem bera sendiherranafnbót og þeir sem eru staðgenglar sendiherra.

Staðgengill sendiherra er sá starfsmaður sendiskrifstofu sem hefur með höndum það hlutverk að gegna forstöðu sendiskrifstofu í fjarveru sendiherra.

8. gr.

Fulltrúar í stjórn og framkvæmdastjóri fyrirtækis í eigu íslenska ríkisins.

Undir g-lið 6. tl. 3. gr. laga nr. 140/2018 falla framkvæmdastjórnar og einstaklingar í stjórn fyrirtækis í eigu íslenska ríkisins.

Með fyrirtæki í eigu íslenska ríkisins er átt við fyrirtæki þar sem íslenska ríkið á með beinum eða óbeinum hætti 50% hlut eða meira í lögaðilanum, eða getur á annan hátt haft ráðandi stöðu í.

Til fyrirtækja í eigu ríkisins teljast fyrirtæki á hvaða félagasformi sem er, þar með talið hlutafélög, einkahlutafélög, opinber hlutafélög, samlagshlutafélög, sameignarfélög, samlagsfélög og samvinnufélög og rekin eru í hagnaðarskyni eða á markaðslegum forsendum. Hafa skal hliðsjón af flokkun á starfsemi ríkisins samkvæmt 50. gr. laga um opinber fjármál.

9. gr.

Fyrirsvarsmenn alþjóðasamtaka og alþjóðastofnana.

Undir h-lið 6. tl. 3. gr. laga nr. 140/2018 falla íslenskir framkvæmdastjórnar, aðstoðarframkvæmdastjórnar og stjórnarmenn alþjóðasamtaka og alþjóðastofnana.

Með alþjóðastofnunum og alþjóðasamtökum er átt við samtök eða stofnanir á alþjóðavettvangi sem hafa orðið til á grundvelli bindandi samkomulags ríkja.

III. KAFLI

Listi yfir háttsett opinber störf innanlands.

10. gr.

Um listann.

Fjármálaeftirlitið heldur lista yfir þau starfsheiti hér á landi sem teljast til háttsettra opinberra starfa samkvæmt II. kafla. Á listanum skal taka fram starfsheiti og nafn stofnunar, samtaka, fyrirtækis eða stjórnmalaflokks, eftir því sem við á. Listinn skal birtur opinberlega á vefsvæði Seðlabanka Íslands, í fyrsta skipti þann 1. febrúar 2021.

Uppfæra skal listann samkvæmt 1. mgr. eigi sjaldnar árlega en tvisvar oftast ef við á, árisvo sem ef uppfærðar upplýsingar eru sendar utan þess tímamarks. Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynningu á vefsvæði Seðlabanka Íslands þegar listinn hefur verið uppfærður.

Ríkisskattstjóri Eftirlitsaðilar skal samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka skulu birta upplýsingar um lista samkvæmt 1. og 2. mgr. með aðgengilegum hætti á vefsvæði sínu, þannig þar að með tilkynningarskyldir talið aðilar geti nálgast upplýsingar tilkynningar um nýjustu uppfærslu útgáfu listans með aðgengilegum hætti lista.

11. gr.

Upplýsingagjöf vegna lista yfir háttsett opinber störf.

Stjórnmalaflokkar sem starfa hér á landi og eiga kjörna fulltrúa á Alþingi skulu senda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um stjórnskipulag viðkomandi flokks. Einnig Upplýsingar skulu stjórnmalaflokkar sendar eigi síðar en 31. janúar ár hvert auk þess sem senda Fjármálaeftirlitinu skal uppfærðar upplýsingar verði um breytingar á stjórnskipulagi viðkomandi flokks, innan tveggja vikna frá því breytingin að breyting kemur til framkvæmda.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið skal senda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um fyrirtæki í eigu ríkisins. Fjármála- Upplýsingar og skulu efnahagsráðuneytið sendar eigi síðar en 31. janúar ár hvert auk þess sem senda

Fjármála- og efnahagsráðuneytið skal senda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um fyrirtæki í eigu ríkisins. Fjármála- Upplýsingar og skulu efnahagsráðuneytið sendar eigi síðar en 31. janúar ár hvert auk þess sem senda skal uppfæra uppfærðar upplýsingar um fyrirtæki breytingar í innan eigu tveggja ríkisins vikna reglulega, frá því eigi að sjaldnar ráðuneytinu en varð árlega kunnugt um þær.

Utanríkisráðuneytið skal senda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um nöfn alþjóðasamtaka og alþjóðastofnana þar sem kunnugt er að Íslendingur gegnir starfi dómara, framkvæmdastjóra, aðstoðarframkvæmdastjóra eða stjórnarmanns. Utanríkisráðuneytið Upplýsingar skulu sendar eigi síðar en 31. janúar ár hvert auk þess sem senda skal uppfæra uppfærðar upplýsingar um slíkar breytingar stöður innan sem tveggja vikna frá því að ráðuneytinu varð kunnugt er um reglulega, þó eigi sjaldnar en árlega þær.

IV. KAFLI

Viðskipti við einstakling í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla.

12. gr.

Mat tilkynningarskyldra aðila.

Tilgreining starfsheita og útgáfa lista samkvæmt II. og III. kafla reglugerðarinnar hefur ekki áhrifá skyldu tilkynningarskyldra aðila samkvæmt 17. gr. laga nr. 140/2018 að meta hverju sinni hvort innlendur eða erlendur viðskiptamaður eða raunverulegur eigandi sé í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla, en hægt er að hafa listann til hliðsjónar við matið. Þeir aðilar sem gegna þeim störfum sem tilgreind eru í II. kafla reglugerðarinnar teljast þó alltaf til aðila sem eru í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla.

13. gr.

Ráðstafanir tilkynningarskyldra aðila vegna nánustu fjölskyldu eða náins samstarfsmanns.

Nánasta fjölskylda og nánir samstarfsmenn einstaklinga sem eru eða hafa verið háttsettir í opinberri þjónustu teljast einnig til einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla, sbr. 3. gr. laga nr. 140/2018.

Ráðstafanir tilkynningarskyldra aðila samkvæmt lögum nr. 140/2018 og reglugerðum sem settar hafa verið á grundvelli laganna skulu taka til þess að meta hvort viðskiptamaður eða raunverulegur eigandi teljist til nánustu fjölskyldu eða náins samstarfsmanns einstaklings sem er háttsettur í opinberri þjónustu.

14. gr.

Frekari athugun.

Ef tilkynningarskyldur aðili fær vísbendingar eða upplýsingar um að viðskiptavinur eða raunverulegur eigandi sé eða geti verið í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla ber honum að framkvæma frekari athugun og ganga úr skugga um hvort viðkomandi tilheyri slíkum hópi.

15. gr.

Viðbrögð tilkynningarskyldra aðila.

Þegar viðskipti víkja frá því sem búast má við út frá gögnum eða upplýsingum um uppruna auðs og uppruna fjármuna, eða þegar óvenjulegar færslur koma í ljós við reglubundið eftirlit eða þegar tilefni þykir að öðru leyti til, ber tilkynningarskyldum aðila að framkvæma frekari athugun og taka ákvörðun um viðbrögð.

Á grundvelli athugunar samkvæmt 1. mgr. skal tilkynningarskyldur aðili taka ákvörðun um hvort stofna eigi til viðskiptasambands, því skuli fram haldið eða hvort gripið skuli til frekari ráðstafana, svo sem að binda enda á viðskiptasamband og/eða senda skrifstofu fjármálagreininga lögreglu tilkynningu samkvæmt 21. og 22. gr. laga nr. 140/2018.

16. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 56. gr. laga nr. 140/2018 og öðlast þegar gildi.

Við gildistöku hennar fellur úr gildi reglugerð um einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla með tilliti til aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 811/2008.

~~Dómsmálaráðuneytinu, 15. desember 2020.~~

~~Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.~~

~~Haukur Guðmundsson.~~

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.